

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/1490****2016/EES/18/19****frá 3. september 2015****um leyfi fyrir blöndu með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr *Capsicum* sem fóðuraukefni
fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Pancosma France S.A.S.) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr *Capsicum*. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr *Capsicum* í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem aukefni í fóður fyrir eldiskjúklinga.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 27. janúar 2015 ⁽²⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr *Capsicum* ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti bætt fóðurstuðul hjá eldiskjúklingum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á blöndu með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr *Capsicum* sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 231, 4.9.2015, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(²) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(2), 4011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilföðurs með 12% rakainnihald	rakainnihald		
Flokkur dýrarakaraukefna. Virkur hópur: önnur dýrarakaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)									
4d11	Pancosma France S.A.S.	Blanda með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr <i>Capsicum</i>	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með karvakróli, sinnamaldehyði, óleóresíni úr <i>Capsicum</i> með að lágmarki:</p> <ul style="list-style-type: none"> — 4,6–5,3% karvakról — $\geq 2\%$ óleóresín úr <i>Capsicum</i> (með samanlagt innihald kapsaisins og dihýdrókapsaisins sem nemur 0,06–0,21%) — 2,6–3,2% sinnamaldehyð <p><i>Lýsing á eiginleikum virku efna</i></p> <ul style="list-style-type: none"> — karvakról (1) (hreinleiki $\geq 98\%$) — $C_{10}H_{14}O$ CAS-númer: 499-75-2 — sinnamaldehyð (1) (hreinleiki $\geq 98\%$) — C_9H_8O CAS-númer: 104-55-2 <p>— óleóresín úr <i>Capsicum</i> með samanlagt lágmarksinnihald kapsaisins og dihýdrókapsaisins sem nemur 6–7%</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> (2)</p> <p>Til að magnakvarða karvakról, sinnamaldehyð, kapsaisín og dihýdrókapsaisín í föðuraukefninu:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID) 	Eldis- kjúklingar	—	—	100	<ol style="list-style-type: none"> 1. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Ekki skal nota aukefnið með öðrum gjöfum karvakróls, sinnamaldehyðs, kapsaisins og dihýdrókapsaisins. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 4. Ráðlagður lágmarksskammtur: 100 mg/kg heilföðurs. 	24. september 2025

(1) Sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, rafræn útgáfa: „Specifications for Flavourings“. <http://www.fao.org/ag/agn/jeclia-flav/index.html#T>(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofnunar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/curi/feed-additives/evaluation-reports>